

Pétur Davíðsson

From: Jón Eiríkur Einarsson
Sent: föstudagur, 26. september 2025 09:54
To: Pétur Davíðsson
Cc: Sigrún Guttormsdóttir Þormar; Óli Rúnar Ástþórsson; Kristín Jónsdóttir; Guðný Elíasdóttir
Subject: Re: Gagnabeiðni

Sæll Pétur

Takk fyrir
Kem þessu áfram

Kkv
Jón

Senta úr [Outlook fyrir Android](#)

From: Pétur Davíðsson <petur@skorradalur.is>
Sent: Friday, September 26, 2025 9:13:42 AM
To: Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>
Cc: Sigrún Guttormsdóttir Þormar <sigrunth@skorradalur.is>; Óli Rúnar Ástþórsson <oli.runar.astthorsson@skorradalur.is>; Kristín Jónsdóttir <kristin.jonsdottir@skorradalur.is>; Guðný Elíasdóttir <gudny.eliasdottir@skorradalur.is>
Subject: RE: Gagnabeiðni

Sæll Jón!

Þetta er ekki fullnægjandi skil. Ég get ekki túlkast sem almenningur eins og kemur fram í svari formanns samstarfsnefndarinnar. Ég er sveitarstjórnarmaður.
Eins og kom fram í beiðni minni þá vísaði ég einnig til samþykktu um stjórn sveitarfélagsins Skorradalshreppur. Þar kemur fram í 21 gr. um aðgang að gögnum:

21. gr.

Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélags og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn. Sveitarstjórnarmaður skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur.

Óski sveitarstjórnarmaður gagna sem liggja fyrir í stjórnsýslu sveitarfélags skal beina því til oddvita sem annast milligöngu um öflun þeirra og skal afgreiða slíka beiðni eins skjótt og unnt er. Ef beiðni sveitarstjórnarmanns varðar viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í sveitastjórn, er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

Samsvarandi grein er í samþykkt um stjórn Borgarbyggðar og þar gefin 3 daga frestur að útvega þessi gögn. Undirritaður bað um þessi gögn þegar þau voru og eru í til umfjöllunar í sveitarstjórn.

Samstarfsnefndin starfar undir þessum samþykktum um stjórn sveitarfélaganna og því eiga öll gögn sem óskað er að afhendast, hvort sem er tölvupóstur, vinnugögn og fleira sem kom fram í beiðni minni.

Í dag vantar ennþá til viðbótar afrit að öllum reikningum og fylgiskjölum er varðar samstarfsnefndina, alla tölvupósta er varða vinnu, fundarboð og samskipti á milli nefndarmanna í samstarfsnefndinni og aðra er varðar vinnu samstarfsnefndarinnar. Einnig öll vinnugögn KPMG er söfnuðust á almennum íbúafundum og samskipti þar á milli KPMG og samstarfsnefndarinnar. Eins öll samskipti á milli Jöfnunarsjóðs og Innviðaráðuneytisins við fulltrúa í samstarfsnefndinni og embættismenn Borgarbyggðar.

Einnig vantar ennþá öll samskipti svo sem tölvupósta til og frá kjörnefndarfulltrúum, bréf og allt sem tengist samskiptum er varðar sameiginlega kjörstjórn sveitarfélaganna.

Jafnframt vantar einnig kostnaðaráætlun vegna sameiningarkosninganna sem var óskað eftir þann 20. Ágúst. Á fundi samstarfsnefndarinnar þann 26. ágúst s.l. var KPMG falið að vinna þetta, en ekkert hefur borist ennþá til sveitarstjórnar.

Óskað er eftir að öll þessi gögn verði klár strax til afhendingar enda komið yfir 40 dagar síðan að óskað eftir þeim.

Með kveðju,

Pétur Davíðsson

Sveitarstjórnarmaður í Skorradalshreppi.

From: Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>

Sent: Monday, September 22, 2025 10:26 PM

To: Pétur Davíðsson <petur@skorradalur.is>; Óli Rúnar Ástþórsson <oli.runar.astthorsson@skorradalur.is>; Guðný Elíasdóttir <gudny.eliasdottir@skorradalur.is>; Kristín Jónsdóttir <kristin.jonsdottir@skorradalur.is>

Cc: Sigrún Guttormsdóttir Pormar <sigrunth@skorradalur.is>

Subject: Fw: Gagnabeiðni

Sæl öll

Þetta barst í dag.

Kv

Jón

Senta úr [Outlook fyrir Android](#)

Frá: Guðveig Eyglóardóttir <Guðveig.Eygloardottir@borgarbyggd.is>

Sent: mánudagur, september 22, 2025 6:08:21 e.h.

Til: Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>

Efni: Gagnabeiðni

Góðan dag,

Vísað er til upplýsingabeiðni Péturs Davíðssonar til sveitarstjórnar Skorradalshrepps vegna vinnu samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna.

Rétt er að halda til haga að samkvæmt 119. gr. sveitarstjórnarlaga skulu sveitarstjórnir sem hafa ákveðið að kanna möguleika á sameiningu kjósa samstarfsnefnd til þess að annast athugun málsins. Í því felst að samstarfsnefnd er sjálfstæð í sínum störfum við mótun þess álits sem henni ber að skila varðandi tillögu um sameiningu sveitarfélaganna sem verður lögð fyrir íbúa í atkvæðagreiðslu.

Samstarfsnefnd um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps hefur skilað álitinu sínu, ásamt tillögu að tímabili kosninga. Með álitinu samstarfsnefndar fylgdi fyrirmynd að atkvæðaseðlum.

Aðgangur sveitarstjórnarfulltrúa Skorradalshrepps samkvæmt sveitarstjórnarlögum takmarkast við þau málefni sem geta komið til umfjöllunar í sveitarstjórn. Vinnugögn stjórnvalds eru undanþegin upplýsingarétti almennings samkvæmt upplýsingalögum. Vinnugögn samstarfsnefndar verða því ekki afhent.

Meðfylgjandi eru þau gögn sem fyrirspyrjandi hefur óskað eftir og samstarfsnefnd telur skylt að afhenda.

Gögnin eru eftirfarandi:

- Umsókn til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um stuðning við óformlegar sameiningarviðræður sem inniheldur kostnaðaráætlun fyrir sameiningarviðræðurnar ásamt
- Svar ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs við umsókn um stuðning við óformlegar viðræður.
- Umsókn til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um stuðning við sameiningarviðræður skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga sem inniheldur kostnaðaráætlun fyrir sameiningarviðræðurnar. Þar má m.a. finna kostnaðaráætlun vegna atkvæðagreiðslu.
- Svar ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við umsókn um stuðning við sameiningarviðræður skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga. Fundargerðir verkefnishóps í óformlegum viðræðum.
- Fundargerðir samstarfsnefndar í formlegum sameiningarviðræðum

Álit Samstarfsnefndar, tillaga að kjördegi og tillaga að kjörseðli lágu fyrir við afgreiðslu sveitarstjórnar og fyrirspyrjandi hefur áður fengið aðgang að þeim. Útgefnar greiningar og kynningar eru aðgengilegar á vefsíðu verkefnisins <https://borgfirdingar.is>.

Kveðja,
Guðveig Lind Eyglóardóttir

[cid:image001.png@01D4EDF4.F9945CC0](#)

Bestu kveðjur / Best regards

Guðveig Eyglóardóttir

Sveitarstjórn Borgarbyggð

? +354 8999971

gudveig.eygloardottir@borgarbyggd.is / www.borgarbyggd.is

www.facebook.com/borgarbyggd

From: Finnsson, Jón Hrói <jhfinnsson@kpmg.is>

Sent: mánudagur, 22. september 2025 17:43

To: Guðveig Eyglóardóttir <Gudveig.Eygloardottir@borgarbyggd.is>; Lilja B. Ágústsdóttir <Lilja.Agustsdottir@borgarbyggd.is>

Cc: Alexandersdóttir, Lilja Ósk <loalexandersdottir@kpmg.is>

Subject: FW: Gagnabeiðni

Sælar

Hér er gagnaskráin uppfærð með umsóknum til Jöfnunarsjóðs og svörum.

Tillagan að texta svarsins er óbreytt sbr. fundargerð morgunsins.

Kveðja,
Jón Hrói

From: Finnsson, Jón Hrói

Sent: þriðjudagur, 2. september 2025 16:01

To: Guðveig Eyglóardóttir <Guðveig.Eygloardottir@borgarbyggd.is>

Cc: Alexandersdóttir, Lilja Ósk <loalexandersdottir@kpmg.is>

Subject: Gagnabeiðni

Sæl

Hér er tillaga okar að svari við beiðni Jóns fyrir hönd Péturs. Í meðfylgjandi Zip-skrá eru þau gögn sem nefnd eru í textanum:

„Vísað er til upplýsingabeiðni Péturs Davíðssonar til sveitarstjórnar Skorradalshrepps vegna vinnu samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna.

Rétt er að halda til haga að samkvæmt 119. gr. sveitarstjórnarlaga skulu sveitarstjórnir sem hafa ákveðið að kanna möguleika á sameiningu kjósa samstarfsnefnd til þess að annast athugun málsins. Í því felst að samstarfsnefnd er sjálfstæð í sínum störfum við mótun þess álits sem henni ber að skila varðandi tillögu um sameiningu sveitarfélaganna sem verður lögð fyrir íbúa í atkvæðagreiðslu.

Samstarfsnefnd um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps hefur skilað áliti sínu, ásamt tillögu að tímabili kosninga. Með áliti samstarfsnefndar fylgdi fyrirmynd að atkvæðaseðlum.

Aðgangur sveitarstjórnarfulltrúa Skorradalshrepps samkvæmt sveitarstjórnarlögum takmarkast við þau málefni sem geta komið til umfjöllunar í sveitarstjórn. Vinnugögn stjórnvalds eru undanþegin upplýsingarétti almennings samkvæmt upplýsingalögum. Vinnugögn samstarfsnefndar verða því ekki afhent.

Meðfylgjandi eru þau gögn sem fyrirsprjandi hefur óskað eftir og samstarfsnefnd telur skylt að afhenda.

Gögnin eru eftirfarandi:

Umsókn til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um stuðning við óformlegar sameiningarviðræður sem inniheldur kostnaðaráætlun fyrir sameiningarviðræðurnar ásamt

Svar ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs við umsókn um stuðning við óformlegar viðræður.

Umsókn til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um stuðning við sameiningarviðræður skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga sem inniheldur kostnaðaráætlun fyrir sameiningarviðræðurnar. Þar má m.a. finna kostnaðaráætlun vegna atkvæðagreiðslu.

Svar ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við umsókn um stuðning við sameiningarviðræður skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga. Fundargerðir verkefnishóps í óformlegum viðræðum.

Fundargerðir samstarfsnefndar í formlegum sameiningarviðræðum

Álit Samstarfsnefndar, tillaga að kjördegi og tillaga að kjörseðli lágu fyrir við afgreiðslu sveitarstjórnar og fyrirsprjandi hefur áður fengið aðgang að þeim. Útgefnar greiningar og kynningar eru aðgengilegar á vefsíðu verkefnisins <https://borgfirdingar.is>.

Kveðja,

Jón Hrói Finnsson, stjórnsýslufræðingur Cand.Sci.Pol.
Verkefnastjóri

GSM: 840 9330 | jhfinnsson@kpmg.is
Ráðgjafarsvið | KPMG | home.kpmg/is

Allar upplýsingarnar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál og kunna að falla undir ákvæði um þagnarskyldu. Þær eru eingöngu ætlaðar skráðum viðtakanda eða viðtakendum. Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti. Ef þú ert ekki sá aðili sem tölvupósturinn er ætlaður er þér óheimilt að upplýsa um hann, afrita hann, dreifa honum eða framkvæma einhverjar aðgerðir eða láta vera að framkvæma einhverjar aðgerðir á grundvelli hans og slíkt kann að vera ólöglegt. Allar skoðanir og öll ráðgjöf sem þessi tölvupóstur inniheldur eru háð skilmálum og skilyrðum ráðningarbréfs milli KPMG og viðskiptavinarins.

The information in this email is confidential and may be legally privileged. It is intended solely for the addressee. Access to this email by anyone else is unauthorized. If you are not the intended recipient, any disclosure, copying, distribution or any action taken or omitted to be taken in reliance on it, is prohibited and may be unlawful. Any opinions or advice contained in this email are subject to the terms and conditions expressed in the governing KPMG client engagement letter.

Um ábyrgð á tölvupósti þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður til og gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar. Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við tölvupósti þessum og viðhengjum skal fara eftir 4. mgr. 88. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022 og gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa né skrá þau hjá sér né notfæra sér efni þeirra á nokkurn hátt og tilkynna sendanda samstundis að upplýsingarnar hafi ranglega borist sér. Brot gegn þessu kann að varða stjórnvaldssekt, skv. m. lið, 1. mgr. 103. gr. og refsingu skv. 104. gr. laganna Email Disclaimer Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. If you have by coincidence or mistake or without specific authorization received this e-mail and its attachments we request that you notify us immediately that you have received them in error, uphold strict confidentiality and neither read, copy, nor otherwise make use of their content in any way.